

Aðalfundur foreldrafélags Stóru-Vogaskóla 26.09.08

Fundarstjóri valinn, Jóngeir Hlinason.

Fundargerð ritar Valgerður Ágústsdóttir

- 1. Svava Bogadóttir, skólastjóri;** Svava fjallaði um þá stefnu skólans er að gera nemendur að virkum og hamingjusömum þjóðfélagsþegnum. Skólinn hér án aðgreiningar, nemendur saman með misjafna getu og þroska og af misjöfnu þjóðerni. Skólanum ber að sinna öllum. Einkunnarorð skólans; lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir öðrum, og að þau læri um gildi vináttunnar. Og að þeim gangi vel í námi (velgengni). Byggist á að allir fái kennslu við sitt hæfi. Skólinn er með endurmenntunaráætlun – miðað við að starfsfólk komist á námskeið og kynningar til að viðhalda sinni faglegu þekkingu. Bekkjarstærð er misjöfn, stuðningsfulltrúar hjálpa til. Námsver er ver þar sem nemendur „nema“. Bæði fyrir afburða nemendur og þá sem þurfa stuðning. Nemendur fara úr tímum og í námsver. Sérkennsla í grunnskólum hefur fram að þessu miðast fyrst og fremst við nemendur sem þurfa stuðning. Auðvelt að lenda í stimplunarvanda á unglingastiginu. Nokkrir nemendur í 10. Bekk í framhaldsskólastærðfræði fara í námsverið til að læra þar. Ákveðin markmið í hverri grein sbr Aðalnámskrá. Einstaklingsnámskrá tekur tillit til misjafns hraða nemenda. Umhverfi skólans ákveðin auðlind. Útikennslustofa; bekkir settir milli trjána sem mynda skjól, með eldstæði. Staðsetning í Aragerði. Starfsfólk skólans vill skapa gott umhverfi fyrir nemendur. Tekur þátt í Olweusarverkefninu, með slíka áætlun. Stuðla að líkamlegri vellíðan nemenda, td með góðum mat og stuðla að hreyfingu. Bætt hefur verið við einum viðbótartíma í hreyfingu – sem eru hugsaðar sem útivistartími. Ekki sett í 9. Og 10. Bekk vegna valgreina þar – dagurinn orðinn langur hjá þeim. Samstarf við foreldra mikilvægt í okkar skólastarfi. Verið að innleiða agastjórnunarkerfi, og kynna fyrir foreldrum og nemendum þegar nær dregur. Föstudagssamverur halda áfram 1x í viku f 1-7.bekk. Í vetur er verið að prófa föstudagssamverur fyrir 8.-10.bekk, 1x í mánuði. Svava hvatti foreldra til að hafa samband bæði með ábendingar og hrós. Foreldraráð er aflagt í nýjum lögun um grunnskóla og tekur Skólaráð við en um það segir í 8.gr laga um grunnskóla „... Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra...“ Á að vera skólanum til halds og

trausts. Sjálfsmat skóla; metum okkur sjálf. Gott samstarf við foreldra er númer eitt, tvö og þrjú. Býður foreldra velkomna í skólann.

Fyrirspurnir úr sal:

*Spurt um umbunarferðir.* Svava segir að þær séu notaðar á unglíngastiginu. Linda; verður ekki endilega í sama formi og í fyrra, en Anna Sólrún er að virkja nemendafélagið í að koma með hugmyndir hvernig má umbuna nemendur f góða hegðun, og ástundun. Er í vinnslu.

*Einstaklingsmiðað nám – hvernig nær kennarinn að hafa yfirsýn?* SB; gengur misvel. Bekkir eru misjafnir. Reynt að meta strax á haustin þörfina f stuðningsfulltrúa.

*Eru áform um að skipta 9.bekknunum upp?* SB, mjög fjölmennur bekkur, verið að reyna að athuga með skipti, amk í einhverjum tímum.

*Námsmat og hefðbundin próf* – SB ekki hefðbundnir prófadagar, heldur símat. Prófað jafnt og þétt. Einhverjir geta haft þann háttinn á, eða haft próf í janúar. Skyndipróf eða verkefni geta haft vægi til lokaeinkunnar.

Mentor; Notkun á kerfinu, gott að hafa bæði ábendingar OG hrós þarna inni.

- 2. Skýrsla stjórnar.** Jóngeir kynnir skýrslu stjórnar. Síðasti aðalfundur fyrir einu ári. Ánægja með mætingu. Haldnir hátt í 10 fundir, einnig með skólastjórnendum. Fyrsta verkefni í fyrra var foreldraröltið, að raða foreldrum niður á föstudagskvöld. Þá skipt í bekkjarráð; bekkjum skipt í 3 hluta og hver hluti átti eitt sinn að skipuleggja samverustund með bekknum og foreldrum þeirra. Í fyrsta skipti var félagsgjald innheimt – fyrst þurfti að skrá félagið og fá kennitölu. Einn seðill á barn, sem var valkvæður. Jólaföndur var í byrjun desember – en í sömu viku var skipulagt jólaföndur fyrir yngsta stigið í skólanum. Komum á sléttu úr þessu. Fljótlega kom fram áhugi um að halda vorhátíð. Hugað að þessu á vorönn, en þá fóru félagsgjöldin að renna inn. Vorhátíð haldin þann 5.júní, mikil rigning og rok. En mæting var mjög góð. Heimatilbúnir leikir. Lögreglan með hjólaskoðun og bátar á tjörninni frá Skátafélaginu Hraunbúum. Þakkar samstarfskonum sínum gott samstarf í ár.
- 3. Ársreikningur kynntur.** Raker Rut gjaldkeri kynnti ársreikning. Þorvaldur benti á víxlun orða „ Gjöld umfram tekjur“ eiga að vera „Tekjur umfram gjöld“.

4. **Lagabreytingar.** Jóngeir fjallaði um þær. Sjá viðauka. Óskað eftir andmælum við lagabreytingar. Þorvaldur lýsti yfir ánægju með lagabreytingar og stuðningi við þær allar. Vilji var til þess að greiða atkvæði um lagabreytingarnar í heild sinni. Að auki bætt við 11. grein „Lög þessi taka gildi frá og með 26.09.08.“ Lagabreytingar allar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.
5. **Reikningar bornir upp til samþykktar** – og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.
6. **Kosningar;** Jóngeir og Valgerður kosin í fyrra til 2 ára. Rakel Rut og Elín Óskarsdóttir hafa beðist lausnar frá sínum embættum. Auglýst eftir 3 í stjórnina. Eftirtaldir buðu sig fram og fengu kosningu með lófataki; Sigríður Baldursdóttir, Sigurður Ágústsson og Magnús Jón Björgvinsson.
7. **Skoðunarmenn reikninga;** Þorvaldur Örn og Rakel Rut kosin með lófataki.
8. **Kosning fulltrúa í Skólaráð.** Jóngeir og Valgerður buðu sig fram, engin mótframboð og hlutu þau kosningu.
9. **Tinna, tómsfundarfulltrúi í félagsmiðstöðinni „Borunni“.**

Fjallaði um unglingsstarfið, Tinna, Jóna Ósk og Guðmundur Viktorsson. Félagsmiðstöðin er kynning f nemendur í 6. Og 7. Bekk, en eiginlegt starf er miðað við unglingsstigið. Fjallað um Stíl, Rímflæði. Og fleira. Einnig haldin andvökunótt, vinaböll og fleira. Fjölbreyttir forvarnarfyrirlestrar fyrir unglingsana, td unglækna sem unglings geta tala' við opinskátt um kynlíf. Aðstöðu lýst. Markmið er að vera öruggur félagsstaður f unglingsana. Leitast við að hafa hæft starfsfólk og viðhalda hæfni þess með námskeiðum. Eflir unglingsana ía ð taka þátt í viðburðum og undirbúa þá. Gott samstarf við foreldra og skóla. Unnið fyrst og fremst að fyrsta stigs forvörnum, þ.e að hindra eða seinka því að neysla hefjist.

Tinna ræddi um foreldraröltið og sagði það bera árangur. Hún sér mun nú og á því sem var, óæskileg hópamyndun hefur minnkað.

Magnús lagði til að foreldraröltið hefjist fyrr, útivistartíminn er til 22:00. Verður tekið upp síðar á stjórnarfundum. Magnús bendir einnig á að hafa það óreglulegt. Ekki alltaf á föstudagskvöldum.

#### 10. Önnur mál.

Nefnt að taka upp samninga meðal foreldra. Hægt að gera samning meðal foreldra í ákv bekk, td um útvistartíma.

Fundi slitið kl 22:00.

## **Lög foreldrafélagsins sýnd með breytingartillögum.**

### **1.1 Lög foreldrafélags Stóru-Vogaskóla**

1. grein Félagið heitir Foreldrafélag Stóru-Vogaskóla kt 601207-0950.. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.
2. grein Markmið félagsins er að:
- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
  - efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
  - styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
  - koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
  - standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.
3. grein Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:
- skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk
  - koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
  - standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs og halda úti heimasíðu foreldrafélagsins þar sem birtar eru fundargerðir og annað er viðvíkur starfsemi félagsins
  - veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar
  - styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans.
  - taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðaráð og landssamtök foreldra
4. grein Stjórn félagsins skipa fimm foreldrar/forráðamenn. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn þrjú stjórnarmenn annað árið og tveir hitt árið. Formaður skal kosinn sérstaklega að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og einum meðstjórnanda. Aldrei skulu fleiri en tveir ganga úr stjórn í einu.

5. grein Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

**Verkefni aðalfundar:**

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Kosning fulltrúa í skólaráð
- Önnur mál

6. grein Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

7. grein Félagsstjórn skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

8. grein Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.

9. grein Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stórnarfundi og renna þá eignir þess til skólans.

10. grein Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

11. grein Lög þessi taka gildi frá og með 26.09 2008.

